

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2254/96**frá 19. nóvember 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum(*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð (EBE) nr. 1101/89 ⁽⁴⁾ voru samþykktar ráðstafanir til að koma á skipulagsumbótum í flutningum á skipgengum vatnaleiðum. Markmiðið með reglugerðinni er að minnka rekstrarlega umframgetu í flutningum á skipgengum vatnaleiðum með því að kveða á um áætlanir um úreldingu skipa sem eru samræmdar á vettvangi bandalagsins. Í fyrrnefndri reglugerð er kveðið á um hugsanleg fjárframlög bandalagsins til úreldingarsjóða fyrir árið 1995.

Meginreglan er sú að það muni einkum verða atvinnurekendur í greininni sem fjármagna gildandi kerfi skipulagsumbóta með árlegum framlögum.

Opinber framlög skulu vera árleg og í samræmi við framlög frá atvinnugreininni. Þessar ráðstafanir skulu gilda í þrjú ár, það er fyrir 1996, 1997 og 1998, og þær ber að endurskoða árlega.

Ákveða ber fjárframlag bandalagsins aðeins fyrir árið 1996.

Reikna ber út fjárframlög viðkomandi aðildarríkja með hliðsjón af stærð flota þeirra fyrir 1996, 1997 og 1998.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1101/89:

1. - á eftir „1995“ í 1. mgr. komi „, og árið 1996“,
- og á eftir „1995“ í 2. mgr. komi „, og 1996“.
2. Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„3. Viðkomandi aðildarríki skulu leggja sameiginlega fram úr sjóðum sínum upphæðir sem, ásamt framlagi bandalagsins fyrir árið 1996 einvörðungu, nægja til þess að markmið í skipulagsumbótum fyrir árin 1996, 1997 og 1998 verði að veruleika. Reikna ber út framlag hvers aðildarríkis sem um ræðir með hliðsjón af hlutfallinu milli stærðar flota þess í rekstri og samanlagðs skipastóls bandalagsins. Framkvæmda-stjórnin og stjórnir hinna ýmsu úreldingarsjóða skulu ákveða þessar fjárhæðir í sameiningu.

4. Í byrjun hvers árs sem úreldingaraðgerðir standa yfir, 1996, 1997 og 1998, skal framkvæmdastjórnin samþykkja nánari ákvæði, innan ramma þessarar reglugerðar, um úreldingaraðgerðir fyrir viðkomandi ár með hliðsjón af því fé sem er til ráðstöfunar, markaðsþróun og ráðstöfunum sem gripið hefur verið til á sviði afnáms hafta.“

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 318, 29. 11. 1995, bls. 11.

(2) Stjtið. EB nr. C 39, 12. 2. 1996, bls. 96.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 65, 4. 3. 1996, bls. 29), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 264, 11. 9. 1996) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 10. 1996).

(4) Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2819/95 (Stjtið. EB nr. L 292, 7. 12. 1995, bls. 7).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í
Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. nóvember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

H. COVENEY

forseti.